

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 3. nóvember 2022

Mál nr. E-1075/2021:

OSN ehf.

(Orri Heimisson lögmaður)

gegn

Ellert Skúlasyni ehf.

(Orri Sigurðsson lögmaður)

d ó m u r :

Mál þetta, sem þingfest var 5. maí 2021 og dómtekið 17. október sl., var höfðað með stefnu, birtri 28. apríl 2021. Stefnandi er OSN ehf., kt. [...], Flugvallarvegi 52, 230 Reykjanesbæ.

Stefndi er Ellert Skúlason ehf., kt. [...], Selvík 3, 230 Reykjanesbæ.

Stefnandi krefst þess að stefnda verði gert að greiða honum 131.720.809 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af kr. 6.539.240 frá 20. mars 2016 til 21. september 2016, af kr. 6.587.796 frá þeim degi til 10. nóvember 2016, af kr. 14.787.172 frá þeim degi til 28. desember 2016, af kr. 20.583.543 frá þeim degi til 29. desember 2016, af kr. 24.595.931 frá þeim degi til 25. janúar 2017, af kr. 35.552.571 frá þeim degi til 12. febrúar 2017, af kr. 36.651.267 frá þeim degi til 20. febrúar 2017, af kr. 49.663.920 frá þeim degi til 15. maí 2017, af kr. 64.076.739 frá þeim degi til 28. júní 2017, af kr. 64.816.553 frá þeim degi til 22. ágúst 2017, af kr. 68.528.553 frá þeim degi til 25. október 2017, af kr. 73.064.953 frá þeim degi til 13. maí 2018, af kr. 73.118.521 frá þeim degi til 13. ágúst 2018, af kr. 73.200.485 frá þeim degi til 14. ágúst 2018, af kr. 78.166.985 frá þeim degi til 17. ágúst 2018, af kr. 78.250.933 frá þeim degi til 11. október 2018, af kr. 78.304.794 frá þeim degi til 13. október 2018, af kr. 78.922.587 frá þeim degi til 24. október 2018, af kr. 78.951.290 frá þeim degi til 27. október 2018, af kr. 79.102.620 frá þeim degi til 2. nóvember 2018, af kr. 79.103.727 frá þeim degi til 8. nóvember 2018, af kr. 79.157.440 frá þeim degi til 19. nóvember 2018, af kr. 79.212.686 frá þeim degi til 3. janúar 2019, af kr. 79.232.550 frá þeim degi til 31. október 2019, af kr. 80.432.077 frá þeim degi til 4. nóvember 2019, af

kr. 99.583.561 frá þeim degi til 8. nóvember 2019, af kr. 99.611.525 frá þeim degi til 18. nóvember 2019, af kr. 99.743.644 frá þeim degi til 28. janúar 2020, af kr. 114.752.802 frá þeim degi til 14. febrúar 2020, af kr. 116.256.152 frá þeim degi til 17. febrúar 2020, af kr. 116.715.991 frá þeim degi til 18. febrúar 2020, af kr. 117.141.383 frá þeim degi til 7. ágúst 2020 og af kr. 131.720.809 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiddi inn á kröfu stefnanda þann 15. febrúar 2016 kr. 3.500.000, þann 11. apríl 2016 kr. 132.680, þann 30. apríl 2016 kr. 207.591, þann 27. maí 2016 kr. 388.933, þann 21. júlí 2016 kr. 3.031.564, þann 5. desember 2016 kr. 5.000.000, þann 13. janúar 2017 kr. 3.199.376, þann 30. mars 2017 kr. 6.722.953, þann 5. maí 2017 kr. 3.770.118, þann 15. ágúst 2017 kr 739.814, þann 18. ágúst 2017 kr. 4.000.000, þann 14. september 2017 kr. 3.712.000, þann 23. janúar 2018 kr. 4.536.400, þann 7. maí 2018 kr. 53.568, þann 13. ágúst 2018 kr. 82.264, þann 20. ágúst 2018 kr. 84.707, þann 5. október 2018 kr. 1.971.592, þann 9. október 2018 kr. 3.182.613, þann 15. október 2018 kr. 622.938, þann 23. október 2018 kr. 1.107, þann 25. október kr. 151.630, þann 6. nóvember 2018 kr. 54.013, þann 8. nóvember 2018 kr. 54.013, þann 19. nóvember 2018 kr. 55.546, þann 31. desember 2018 kr. 1.220.631, þann 31. október 2019 kr. 10.426, þann 6. nóvember 2019 kr. 28.264, þann 7. nóvember 2019 kr. 9.962.016, þann 14. nóvember 2019 kr. 1.294 og þann 31. desember 2019 kr. 30.800, sem skulu dragast frá dómkröfu stefnanda miðað við stöðu hennar á innborgunardögum.

Stefnandi krefst einnig vaxtavaxta samkvæmt 12. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 sem leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda en til vara að krafa stefnanda verði lækkuð verulega. Að auki er krafist málskostnaðar.

Aðalmeðferð málsins fór fram 17. október sl. og var málið dómtekið að málflutningi loknum.

Málsatvik.

Stefnandi og stefndi hafa átt í viðskiptasambandi frá árinu 2007. Stefnandi tekur bæði að sér ákveðin verk grundvölluð á tilboðum svo og er stefnandi með innflutning á lagnaefni, bæði fyrir vatnslagnir og skolp. Samkvæmt báðum aðilum var yfirleitt sá háttur hafður á að stefnandi gerði stefnda tilboð í ákveðin verk auk tilboða í efni. Auk þess tók stefndi út og keypti efni hjá stefnanda í önnur verk en þau sem unnin voru af stefnda fyrir

stefnanda. Í þeim verkum sem stefnandi krefur stefnda um greiðslu fyrir var stefnandi undirverktaki hjá stefnda.

Samkvæmt dagskýrslum stefnanda var unnið við verk sem báru heitin „Fráveita við frakt“, „Cargo skemma“, „1148“, „Flugvöllur“, „Flugvöllur frakt“, „Flugvöllur ISAVIA“, „Flugvöllur olíuskylja“, „EBK olíutankar“, „EBK“, „Aftöppunarplan“, „Kalka“, „1152 Vogshóll“, „IGS Bómuhlíð“, „Bergraf, Gullnahlið“, „1102 WOW air“, „Borhola 25, 1078“, „Iðndalur“, 116 Sjónarhóll“.

Viðskiptasambandi aðila lauk í byrjun árs 2020 samkvæmt stefnanda. Þegar stefnanda var ljóst að hann myndi ekki eiga í frekari viðskiptum við stefnda, gerði stefnandi stefnda reikninga fyrir bæði vinnu og efnisúttektir sem stefnandi kveður að hafi verið ógreitt.

Engar samningaumleitanir hafa farið fram af hálfu aðila og var stefna birt stefnda 28. apríl 2021.

Í gögnum málsins liggur fyrir afrit viðvörunar um innheimtuaðgerðir dagsett 19. nóvember 2020 og afrit innheimtubrúfs dagsett 7. desember 2020.

Stefna var birt stefnda þann 28. apríl 2021 og málið þingfest þann 5. maí s.á.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir kröfu sína á því að með því að ráða stefnanda í vinnu hafi stefndi skuldbundið sig til að greiða fyrir þá vinnu í samræmi við útgefna reikninga. Stefnda beri að efna skuldbindingar sínar og hefur hann ekki gefið neinar skýringar á ítrekuðum greiðsludrætti af sinni hálfu. Stefnandi byggir á því að greiðsluskylda stefnda sé skýr og augljós enda þurfi stefndi að greiða fyrir veitta þjónustu, skv. gagnkvæmu samkomulagi.

Stefnufjárhæð nemi samtölu reikningsfjárhæða. Stefndi hafi í þó nokkur skipti greitt inn á kröfuna, eins og útlistað sé í kröfugerð að ofan. Stefndi hafi ráðið stefnanda í vinnu á tímabilinu 2016 til 2020. Ekki hafi verið gerður sérstakur verksamningur á milli aðila en stefnandi hafi gefið út reikninga eftir framvindu verka. Vegna vinnu sinnar hafi stefnandi gefið út tugi reikninga sem stefndi hafi ýmist vanefnt að greiða eða greitt að hluta til inn á.

Stefnandi hafi ítrekað reynt að innheimta útstandandi reikninga án árangurs.

Þann 19. nóvember 2020 hafi stefnda verið send viðvörun um innheimtuaðgerðir þar sem skorað var á hann að greiða ofangreinda skuld að viðbættum vöxtum og kostnaði. Engin viðbrögð hafi borist frá stefnda.

Krafa stefnanda er byggð á reikningum sem sundurliðast á eftirfarandi hátt:

Nr.	Útgáfudagur	Gjalddagi	Fjárhæð
0011934	29.02.2016	20.03.2016	kr. 6.539.240
0012132	01.09.2016	21.09.2016	kr. 48.556
0012194	21.10.2016	10.11.2016	kr. 8.199.376
0012270	08.12.2016	28.12.2016	kr. 5.796.371
0012273	09.12.2016	29.12.2016	kr. 2.388.488
0012274	09.12.2016	29.12.2016	kr. 1.623.900
0012305	05.01.2017	25.01.2017	kr. 10.956.640
0012326	23.01.2017	12.02.2017	kr. 1.098.696
0012351	31.01.2017	20.02.2017	kr. 5.796.371
0012354	31.01.2017	20.02.2017	kr. 1.101.058
0012350	31.01.2017	20.02.2017	kr. 6.115.224
0012460	25.04.2017	15.05.2017	kr. 10.642.701
0012461	25.04.2017	15.05.2017	kr. 3.770.118
0012522	08.06.2017	28.06.2017	kr. 739.814
0012572	02.08.2017	22.08.2017	kr. 3.712.000
0012607	05.10.2017	25.10.2017	kr. 4.536.400
0012906	23.04.2018	13.05.2018	kr. 53.568
0013012	16.07.2018	13.08.2018	kr. 81.964
0013019	17.07.2018	14.08.2018	kr. 4.966.500
0013022	20.07.2018	17.08.2018	kr. 83.948
0013118	13.09.2018	11.10.2018	kr. 53.861
0013140	15.09.2018	13.10.2018	kr. 240.027
0013141	15.09.2018	13.10.2018	kr. 31.599
0013142	15.09.2018	13.10.2018	kr. 288.498
0013143	15.09.2018	13.10.2018	kr. 35.149
0013144	15.09.2018	13.10.2018	kr. 22.520
0013168	26.09.2018	24.10.2018	kr. 28.703
0013179	29.09.2018	27.10.2018	kr. 151.330
0013198	05.10.2018	02.11.2018	kr. 1.107
0013214	11.10.2018	08.11.2018	kr. 53.713
0013242	21.10.2018	19.11.2018	kr. 55.246

0013362	06.12.2018	03.01.2019	kr. 19.864
0014071	03.10.2019	31.10.2019	kr. 292.521
0014072	03.10.2019	31.10.2019	kr. 10.126
0014074	03.10.2019	31.10.2019	kr. 896.880
0014073	06.10.2019	04.11.2019	kr. 652.484
0014089	07.10.2019	04.11.2019	kr. 18.499.000
0014109	11.10.2019	08.11.2019	kr. 27.964
0014138	21.10.2019	18.11.2019	kr. 994
0014139	21.10.2019	18.11.2019	kr. 131.125
0014270	31.12.2019	28.01.2020	kr. 4.922.434
0014272	31.12.2019	28.01.2020	kr. 3.925.529
0014273	31.12.2019	28.01.2020	kr. 1.253.241
0014274	31.12.2019	28.01.2020	kr. 1.585.040
0014276	31.12.2019	28.01.2020	kr. 3.322.914
0014277	17.01.2020	14.02.2020	kr. 62.390
0014278	17.01.2020	14.02.2020	kr. 84.352
0014279	17.01.2020	14.02.2020	kr. 240.091
0014282	17.01.2020	14.02.2020	kr. 182.131
0014285	17.01.2020	14.02.2020	kr. 182.131
0014290	17.01.2020	14.02.2020	kr. 29.480
0014286	17.01.2020	14.02.2020	kr. 242.842
0014287	17.01.2020	14.02.2020	kr. 69.249
0014288	17.01.2020	14.02.2020	kr. 60.710
0014289	17.01.2020	14.02.2020	kr. 3.791
0014291	17.01.2020	14.02.2020	kr. 34.484
0014292	17.01.2020	14.02.2020	kr. 242.842
0014293	17.01.2020	14.02.2020	kr. 68.857
0014302	20.01.2020	17.02.2020	kr. 49.550
0014303	20.01.2020	17.02.2020	kr. 46.607
0014304	20.01.2020	17.02.2020	kr. 26.412
0014306	20.01.2020	17.02.2020	kr. 68.628
0014307	20.01.2020	17.02.2020	kr. 89.125
0014308	20.01.2020	17.02.2020	kr. 179.517

0014309	21.01.2020	18.02.2020	kr. 425.392
0014643	10.07.2020	07.08.2020	kr. 10.537.821
0014644	10.07.2020	07.08.2020	kr. 4.041.605

Skuld þessi hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og sé því nauðsynlegt að höfða mál þetta til greiðslu hennar.

Stefnandi vísar til meginreglna kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga og um skuldbindingargildi samninga en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936 og lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, sbr. m.a. VI. og VII. kafla laganna.

Krafa stefnanda um dráttarvexti styðst við III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Krafa stefnanda um vaxtavexti styðst við 12. gr. sömu laga.

Varðandi málskostnað er vísað til ákvæða XXI. kafla laga um meðferð einkamála nr. 19/1991, einkum 129. og 130. gr. laganna.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi mótmælir málsástæðum stefnanda og kveður stefnda vera verktakafyrirtæki sem sérhæfi sig í jarðvinnu og vegagerð fyrir ýmsa aðila. Verkefnin séu í flestum tilfellum tilkomin vegna útboða eða sérstakra samninga við verkkaupa. Uppgjör verkanna fari fram með þeim hætti að stefndi fái í flestum tilfellum greiðslur eftir framvindu hvers verks og við verklok fari svo fram lokauppgjör verksins.

Stefndi byggir kröfu sína um sýknu í fyrsta lagi á því að sá hluti kröfu stefnanda sem byggist á ógreiddum reikningum sem gefnir eru út fyrir 28. apríl 2017 séu fyrndir. Fyrir liggur að krafa stefnanda byggist á útgefnum reikningum allt frá því í febrúar 2016. Fyrningarfrestur krafna skv. útgefnum reikningum sé fjögur ár, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2007.

Mál þetta hafi verið höfðað þann 28. apríl 2021 og liggi því ljóst fyrir að kröfur stefnanda skv. reikningum sem gefnir voru út og voru gjaldkræfir fyrir 28. apríl 2017, og séu enn ógreiddir, séu fyrndir. Um sé að ræða reikninga sem gefnir eru út á tímabilinu frá og með 29.02.2016 til og með 25.04.2017, samtals að fjárhæð 64.058.739 krónur, og sé sá hluti kröfu stefnanda því fyrndur. Getur krafa stefnanda því að hámarki numið 67.644.070 krónum allt að frádregnum þeim innborgunum sem stefndi greiddi inn á þann hluta kröfunnar sem byggist á ófyrndum reikningum og tilgreindar eru í stefnu.

Fyrir liggur að fyrningu hefur ekki verið slitið með lögætum hætti skv. IV. kafla laga nr. 15/2007 og því óumdeilt að mati stefnda að hluti kröfu stefnanda skv. framangreindu sé fyrndur. Getur stefnandi því einungis með réttu krafist greiðslu reikninga sem gefnir eru út frá 08.06.2017 allt að frádregnum innborgunum sem stefndi greiddi frá 15.08.2017.

Þá byggir stefndi kröfu sína um sýknu í öðru lagi á því að sá hluti kröfunnar sem byggist á reikningum útgefnum frá og með 31.12.2019 til og með 21.01.2020 sé með öllu tilhæfulaus. Um sé að ræða reikninga sem stefnandi gaf út eftir að stefndi sleit öllum viðskiptum vegna stefnanda. Þar sem stefnandi hafi verið verulega ósáttur við þá ákvörðun stefnda hafi hann brugðið á það ráð að gefa út fjölda tilhæfulausra reikninga. Um sé að ræða 25 reikninga sem séu með útgáfudag frá 31.12.2019 til 21.01.2020 vegna úttekta efnis í tiltekin verk, samtals að fjárhæð 17.397.739 krónur.

Því til staðfestingar að um sé að ræða tilhæfulausa reikninga vill stefndi í fyrsta lagi benda á að þrátt fyrir að útgáfudagur umræddra reikninga sé frá 31.12.2019 til 21.01.2020 þá liggi fyrir að kröfur vegna umræddra reikninga birtust ekki í netbanka stefnda fyrr en á þessu ári og stuttu áður en mál þetta var höfðað. Þetta leiði að mati stefnda líkur að því að umræddir reikningar hafi í raun ekki verið gefnir út á þeim degi sem dagsetning þeirra segir til um. Auk þess þá hafi stefndi aldrei fengið senda umrædda reikninga og hafi fyrst fengið vitneskju um kröfur stefnanda á grundvelli þeirra þegar þeir voru stofnaðir í heimabanka og fékk fyrst að sjá útgefna reikninga eftir þingfestingu þessa máls.

Í öðru lagi þá byggðist viðskiptasamband stefnanda og stefnda á því að stefndi fékk stefnanda sem undirverktaka til að sjá um tiltekna þætti verka sinna. Í því fólst að stefnandi lagði til efni og vinnu við verkið og stefndi greiddi svo reikning sem stefnandi sendi fyrir efni og vinnu við tiltekið verk, svo framarlega sem stefndi samþykkti viðkomandi reikning. Um þetta megi m.a. vísa til flestra þeirra reikninga sem stefnandi byggir kröfur sínar á og gefnir eru út fyrir þetta. Í flestum tilfellum sé stefnandi að gera kröfu um greiðslu efnis og vinnu fyrir tiltekið verk. Stefndi telur því í meira lagi ótrúverðugt að stefnandi skuli, eftir að viðskiptasambandi aðila sé lokið, allt í einu taka upp á því að gefa út fjölda reikninga fyrir meintar úttektir stefnda á efni fyrir yfir 17 milljónir króna sem eigi að hafa átt sér stað frá árinu 2017. Telur stefndi því að ef um raunverulega efnisnotkun hafi verið að ræða þá hefði stefnandi annaðhvort rukkað fyrir efni og vinnu saman, líkt og hann hafi í flestum tilfellum gert fyrir þetta, eða sent reikning

fyrir efni fljótlega eftir að stefnandi hafi lagt það til. En slík hafi verið raunin í þeim tilfellum sem stefnandi í raun hafi lagt stefnda til efni og hafi þá í öllum tilfellum verið um lágar fjárhæðir að ræða. Sú staðreynd að stefnandi skuli því eftir að viðskiptasambandi aðila lauk taka upp á því að senda fjölda reikninga fyrir háar fjárhæðir vegna meintra efnisúttekta mörg ár aftur í tímann staðfesti það að um sé að ræða tilhæfulausa reikninga með öllu.

Í þriðja lagi þá séu reikningar í dómskjölum 48-52 vegna meintra úttekta stefnda á árunum 2018 og 2019, eða á tveggja ára tímabili. Hafa ber sérstaklega í huga að á árunum 2018 og 2019 hafi stefnandi aðeins unnið að verkefnum fyrir stefnda við Heiðargerði og við Smáratún, auk annarra smáverka. Þrátt fyrir þetta séu framangreindir reikningar merktir sérstaklega úttektum vegna flugvallar, Kölku, Vogshóls og Sjónarhóls. Stefnandi vann að verkefnum við flugstöð, sem er væntanlega það verkefni sem stefnandi eigi við með skýringunni flugstöð á reikningum í dómskjölum 48 og 49. Umrædd verkefni stefnda sem tengdust á einhvern hátt flugstöðinni áttu sér stað á árinu 2016 og 2017 og fór vinna stefnanda er tengdist slíkum verkum því fram á þeim tíma. En á þeim reikningum sem stefnandi gefur út og tengjast flugstöð megi sjá að stefnandi gerir kröfu um greiðslu fyrir efni og vinnu. Þá fóru verkefni sem vísað er til sem Kalka, Vogshóll og Sjónarhóll einnig fram löngu áður en stefnandi gefur út reikninga fyrir meintum efnisúttektum í þau verk og er enginn annar reikningur vegna þeirra verka á árunum 2018-2019 í málinu. Þá séu reikningar í dómskjölum 53-72 allir merktir vegna meintra úttekta á efni á árinu 2017. Í flestum tilfellum er þó ekki að finna skýringu á reikningum eða fylgiskjölum um hvaða verkefni sé að ræða. Þá eru síðastnefndir reikningar einnig því marki brenndir að í þeim tilfellum sem þeir vísa til tiltekinna verkefna þá sé ekki um að ræða verkefni sem unnin voru á árinu 2017, ef um er þá að ræða raunveruleg verk.

Í fjórða lagi og það sem einna mestu máli skiptir í þessu samhengi þá liggur fyrir að stefnandi hefur ekki lagt fram neina staðfestingu á því að úttektir á þessu efni hafi í raun átt sér stað, líkt og allir framangreindir reikningar stefnanda byggjast á. Fulljóst sé að hefði stefndi í raun tekið út þetta efni hjá stefnanda þá ætti stefnandi með einföldum og greinargóðum hætti að geta fært sönnur á það hvenær slík úttekt fór fram, hvaða efni var tekið úr í hvert skipti og hver óskaði eftir eða staðfesti úttekt þess með undirritun sinni eða annars konar samþykki. Þetta hafi stefnandi á engan hátt gert. Líkt og hefðbundið sé við afhendingu eða úttekt efnis þá sé prentaður út sérstakur

afhendingarseðill eða sambærilegt skjal þar sem fram kemur vöruheiti, magn og verð auk þess sem skýring eða verk úttektar kemur fram. Við þingfestingu málsins lagði stefnandi fram með hluta þessara reikninga fylgiskjöl með yfirliti yfir magn og verð þess efnis sem krafist er greiðslu á. Umrædd fylgiskjöl séu því marki brennd að þau eru ekki úr sérstöku bókhalds- eða birgðakerfi heldur einungis skjöl sem stefnandi hefur útbúið einhliða í Word eða Excel. Þessi fylgiskjöl séu því með öllu haldlaus sem einhver sönnun eða staðfesting fyrir því að stefndi hafi tekið út þetta efni.

Með bókun í þingbók þann 23. júní 2021 skoraði stefndi á stefnanda að leggja m.a. fram staðfestingar eða fylgiblöð sem sýndu fram á úttektir á efni skv. reikningum 14270 – 14276. Með tölvupóstum þann 27. september 2021 sendi lögmaður stefnanda lögmanni stefnda ýmis gögn sem áttu að staðfesta tilvist úttekta skv. framgreindum reikningum. Ekkert var að finna í umræddum gögnum sem gat á nokkurn hátt leitt líkur að því að þessar úttektir á efni hefðu í raun átt sér stað. Þau gögn sem lögmaður stefnanda sendi þessu til staðfestingar voru handskrifaðar dagskýrslur. Umræddar dagskýrslur séu ekki notaðar fyrir úttekt á efni heldur sé um að ræða skýrslur sem verktaki, í þessu tilfalli stefnandi, notar í þeim tilgangi að skrá framvindu þess verks sem hann er að vinna til að halda utan um verkið. Er í slíkum skýrslum gert ráð fyrir að verktaki skrái t.d. tíma starfsmanna, lýsingu á því verki sem verið er að vinna og efnisnotkun. Eru umræddar skýrslur því gerðar í þeim tilgangi að verktaki geti haldið utan um það verk sem hann er að vinna hverju sinni og til að auðvelda honum yfirsýn þess og reikningagerð. Verkkaupi fær ekki afrit af þessu skýrslum og eru þær honum í raun með öllu óviðkomandi. Þrátt fyrir að hægt væri að líta svo á að slíkar dagskýrslur gætu staðfest úttekt á efni þá liggur fyrir að á þessum skýrslum kemur hvorki fram verð né vöruheiti sem hægt er að ráða í né heldur sé að finna nokkra undirritun eða staðfestingu frá starfsmönnum stefnda á þessum skýrslum, líkt og hefði þurft að vera til staðar til þess að hugsanlega væri hægt að líta á umræddar dagskýrslur sem staðfestingu á því efni sem stefnandi byggir á að stefndi hafi tekið út skv. umræddum reikningum. Sé því um að ræða einhliða unnin gögn sem stafi frá stefnanda og með öllu óljóst hvenær þau voru útbúin, hvort þau voru byggð á öðrum gögnum eða ekki og hafa þau ekkert sönnunargildi í máli þessu.

Í fimmta lagi þá séu allir umræddir reikningar gefnir út á þriggja vikna tímabili vegna efnisúttekta sem eiga að hafa átt sér stað frá árinu 2017. Byggir stefndi því á því að sá hluti kröfu stefnanda sem byggist á þessum reikningum sé fallinn niður fyrir tómlæti. Stefnandi gerði engan reka að því að aðhafast nokkuð til að fá umrædda

reikninga greidda fyrr en á árinu 2021, en stefndi fékk aldrei þessa reikninga senda frá stefnanda og vissi fyrst um meintar kröfur á grundvelli þeirra með birtingu stefnu í máli þessu. Stefnandi getur ekki með réttu gefið út 25 reikninga á þriggja vikna tímabili fyrir háar fjárhæðir sem eigi að vera fyrir meintar úttektir efnis frá árinu 2017. Stefnandi hefði átt að krefjast greiðslu á þessum meintu úttektum á efni strax og þær áttu sér stað, eða í seinasta lagi við verklök og lokauppgjör viðkomandi verks. Þar sem stefnandi hefur þegar fengið lokagreiðslu fyrir öll þau verk sín sem umræddir reikningar byggjast á þá getur hann ekki fengið viðbótargreiðslu frá verkkaupa viðkomandi verka nú, mörgum árum eftir að lokauppgjör hefur farið fram. Á sama hátt getur stefnandi ekki krafist greiðslu úr hendi stefnda vegna efnisúttekta verks sem er löngu lokið og/eða stefnandi hefur þegar fengið lokagreiðslu fyrir. Stefnandi verður að bera hallann af því að hafa ekki haldið betur utan um bókhald sitt og reikningagerð.

Fullljóst sé því á öllu framangreindu að sá hluti kröfunnar sem byggist á umræddum reikningum er ekki einungis ótrúverðugur heldur telur stefndi einsýnt að um hreinan tilbúning sé að ræða af hálfu stefnanda og um sé að ræða reikninga fyrir úttektum sem aldrei áttu sér stað, a.m.k. er ljóst að með öllu er ósannað af hálfu stefnanda að þessar úttektir hafi átt sér stað. Í öllu falli er það á ábyrgð stefnanda að halda þannig utan um vöruúttektir stefnda að hægt sé að sýna fram á og sanna hvað hafi í raun verið tekið út hverju sinni, hvert verð einstakra vara var og hver tók viðkomandi vörur. Er það alla jafna gert með framvísun skjala eða gagna þar sem kvittað er fyrir úttektunum. Að öðrum kosti getur stefndi ekki talist hafa tekið út umræddar vörur. Stefnandi verður því að bera hallann af því að hafa ekki hagað bókhaldi sínu eða kerfi í kringum úttektir með betri hætti en raun ber vitni. Stefnandi getur ekki gefið út reikninga fyrir meintar vöruúttektir stefnda mörg ár aftur í tímann, án nákvæmrar tilgreiningar á verki eða með tilvísun til verka, sem voru í raun ekki unnin, án framvísunar undirritunar eða annarra gagna til staðfestingar á úttekt og án fylgiskjala úr sérstöku birgða- eða verkbókhaldskerfi. Ef ekki væru gerðar ríkari kröfur til reikningagerðar en það myndi slíkt hafa í för með sér að auðvelt væri fyrir aðila að gefa út reikninga fyrir meintum úttektum á vörum, án þess þurfa að sanna á nokkurn einasta hátt hvort eða hvaða vörur hefðu í raun verið teknar út eða afhentar.

Ber með hliðsjón af öllu ofangreindu að sýkna stefnda af þeim hluta kröfu stefnanda sem byggist á reikningum með útgáfudag frá og með 31. desember 2019 til með 21. janúar 2020. Um sé að ræða reikninga samtals að fjárhæð 17.397.739 krónur.

Getur krafa stefnanda því, að teknu tilliti til þessa sem og þeirra reikninga sem fallnir séu niður fyrir fyrningu, ekki verið hærrí en 50.246.331 króna, allt að frádregnum þeim innborgunum sem stefndi greiddi inn á þann hluta kröfunnar sem byggist á ófyrndum reikningum og tilgreindar eru í stefnu. En um er að ræða innborganir frá 15. ágúst 2017 samtals að fjárhæð 30.555.636 krónur.

Þá byggir stefndi sýknukröfu sína í þriðja lagi á því að þeir reikningar sem stefnandi gaf út þann 10. júlí 2020 séu einnig tilhæfulausir. Á reikningunum sé vísað til verkanna „Flugvöllur lagnir að olúskilju suðvestur frá flugskýli og í austurplan flugskýli“. Stefndi hefur ekki unnið nein verk sem bera þessi heiti og getur á engan hátt áttað sig á því af þessum tilvísunum til hvaða verka stefnandi er að vísa. Byggir stefndi þess vegna á því að um sé að ræða reikninga fyrir verk sem aldrei hafi verið unnin af stefnanda eða um sé að ræða verk og verkþætti sem stefnandi hafi þegar gefið út reikning fyrir og sé því að tvírukka fyrir. Fyrir liggur í málinu að stefnandi hafi gefið út ýmsa reikninga vegna vinnu við verk sem stefnandi vísar til sem flugvöllur, flugstöð eða Keflavíkurflugvöllur. Hafi stefnandi innt af hendi þá vinnu sem umræddir reikningar byggjast á þá sé væntanlega um að ræða vinnu sem var hluti af öðrum reikningum, enda hefur stefndi ekki samþykkt umrædda reikninga. Má í þessu samhengi m.a. vísa til dómskjala 8, 10, 11, 14, 16 og 18. Eigi stefnandi því engar kröfur á hendur stefnda á grundvelli umræddra reikninga.

Ef ekki verður fallist á að umræddir reikningar séu tilhæfulausir þá byggir stefndi á því að um hafi verið að ræða vinnu sem var hluti af öðru verki sem unnið hafi verið á árunum 2016 og 2017 og verklok þess hafi verið ekki síðar en á árinu 2017. Því til staðfestingar vill stefndi, auk áðurgreindra fyrirliggjandi reikninga stefnanda, vísa sérstaklega til þess að með reikningum útgefnum þann 20. janúar 2020 sé stefnandi að rukka sérstaklega fyrir efni og vinnu vegna olúskilju við steinlögn á flugvelli og kemur fram á þeim reikningum að um sé að ræða vinnu sem átti sér stað í janúar 2017. Þá liggur fyrir að þann 21. október 2016 gaf stefnandi út reikning fyrir olúskilju skv. tilboði. Enn fremur liggur svo fyrir að á forskj. með reikningi í dskj. 74 kemur glögglega fram að um sé að ræða vinnu sem átti sér stað í janúar árið 2017. Stefndi áskilur sér sérstakan rétt til þess að leggja fram frekari gögn á síðari stigum til staðfestingar á því að umrætt verk hafi verið unnið á árinu 2016/2017 og verklok þess hafi verið á þeim tíma.

Stefnandi gerði þó engan reka að því að aðhafast nokkuð til að fá kröfur skv. þessum reikningum greiddar fyrr en á árinu 2021, en stefndi fékk þó aldrei þessa

reikninga senda frá stefnanda og vissi fyrst um meintar kröfur á grundvelli þeirra með birtingu stefnu í máli þessu.

Óháð því þá getur stefnandi ekki gefið út reikninga og krafist greiðslu þeirra meira en þremur árum eftir verklok þess verks er reikningarnir eiga að byggjast á.

Samkvæmt almennum útbóðs- og samningsskilmálum um verkframkvæmdir – ÍST 30:2012 – sem gilda um samningssamband stefnanda og stefnda þá kemur fram í gr. 5.1.9 að verktaki, í þessu tilfalli stefnandi, skuli senda verkkaupa, í þessu tilfalli stefnda, lokareikning vegna verksins innan tveggja mánaða frá því að hann skilaði verkinu í hendur verkkaupa.

Stefnandi hefði því þurft að krefjast greiðslu strax, eða í seinasta lagi tveimur mánuðum eftir verklok. En þar sem stefnandi hefur þegar fengið lokagreiðslu fyrir öll þau verk sem umræddir reikningar byggjast á þá getur stefnandi ekki fengið viðbótargreiðslu frá verkkaupa viðkomandi verka nú, mörgum árum eftir að lokauppgjör hefur farið fram, sbr. gr. 5.1.10 í ÍST 30:2012. Á sama hátt getur stefnandi ekki krafist greiðslu úr hendi stefnda vegna verka sem sé löngu lokið og/eða stefnandi hefur þegar fengið lokagreiðslu fyrir.

Ef stefnda yrði gert að greiða kröfur samkvæmt þessum reikningum myndi það hafa í för með sér að stefndi þyrfti að bera tjón vegna þeirrar greiðslu þar sem hann gæti ekki krafist sína verkkaupa um viðbótargreiðslu fyrir verkið, skv. framangreindu. En um sé að ræða verk eða verkhluta sem ljóst er að stefndi hefur ekki fengið greitt fyrir þar sem uppgjör stefnda við verkkaupa verka sinna fór fram með þeim hætti að stefndi sendi framvindureikninga í samræmi við framvindu verksins. Við gerð slíkra framvindureikninga þá tók stefndi saman alla reikninga vegna efniskostnaðar sem og kostnaðar vegna verka undirverktaka sem hann fól að vinna ákveðna verkþætti verksins. Krafði stefndi svo verkkaupa um greiðslu efniskostnaðar og samkvæmt reikningum undirverktaka að viðbættu 10-15% álagi. Ljóst sé því að stefndi hefur ekki fengið greitt frá verkkaupa verksins fyrir þær kröfur sem stefnandi krefst nú greiðslu á samkvæmt framangreindum reikningum. Verður stefnandi því að bera hallann af því að hafa ekki krafist stefnda um greiðslu vegna umræddra verka fyrr og eru kröfur stefnanda á grundvelli umræddra reikninga því fallnar niður fyrir tómlæti.

Að þessu virtu byggir stefndi á því að sýkna beri hann af greiðslu á þeim hluta kröfu stefnanda sem byggist á reikningum gefnum út þann 10. júlí 2020, samtals að fjárhæð 14.579.426 krónur. Getur krafa stefnanda að því virtu, sem og að virtum þeim

hluta kröfu stefnanda sem fallin er niður fyrir fyrningu og vegna tilhæfulausra og ósannaðrar kröfu vegna efnisúttekta, því ekki verið hærrí en 35.666.905 krónur, allt að frádregnum þeim innborgunum sem stefndi greiddi inn á þann hluta kröfunnar sem byggist á ófyrndum reikningum og tilgreindar séu í stefnu. Um sé að ræða innborganir frá 15. ágúst 2017 samtals að fjárhæð 30.555.636 krónur.

Verði ekki falllist á sýknu stefnda af þeim hluta kröfunnar sem byggist á reikningum með útgáfudag frá 29. febrúar 2016 til og með 25. apríl 2017 og frá 31. desember 2019 til og með 21. janúar 2020 á grundvelli þeirra málsástæðna sem krafa um sýknu þeirra byggist á þá byggir stefndi kröfu sýna um sýknu þess hluta kröfunnar einnig á öllum þeim sömu málsástæðum og hann byggir kröfur sínar um sýknu af þeim hluta kröfunnar sem byggist á reikningum með útgáfudag 10. júlí 2020 skv. framangreindu. Með vísan til alls sem fram er komið byggir stefndi á því að stefnandi geti aðeins byggt kröfu sína á reikningum sem hann gaf út á tímabilinu frá 08. júní 2017 til 14. nóvember 2019 þar sem stefndi byggir á að sá hluti kröfu stefnanda sem byggist á reikningum útgefnum fyrir þann tíma séu fyrndir og sá hluti sem byggist á reikningum með útgáfudag eftir þann tíma sé tilhæfulaus, ósannaður með öllu og/eða fallinn niður sökum tómlætis. Um sé að ræða reikninga að fjárhæð 35.666.905 krónur. Byggir stefndi á því að krafa stefnanda geti eingöngu verið byggð á þeim reikningum og geti því að hámarki numið framangreindri fjárhæð, en allt að frádregnum þeim innborgunum sem fram kemur í stefnu að stefndi hafi greitt inn á kröfuna á þessu sama tímabili. Um sé að ræða greiðslur samtals að fjárhæð 30.555.636 krónur.

Óumdeilt er að umræddar greiðslur voru greiðslur inn á reikninga sem gefnir voru út á þessu tímabili en ekki greiðslur inn á kröfur stefnanda sem byggjast á reikningum sem gefnir voru út fyrir þennan tíma og stefndi byggir á að séu fyrndir. Þessu til staðfestingar má vísa til dómskjala 75-96 þar sem glögglega komi fram hvaða reikninga sé verið að greiða og hvernig greiðslum stefnda sé ráðstafað. Í flestöllum tilfellum sé verið að greiða kröfu sem stefnandi hafði stofnað í heimabanka á grundvelli viðkomandi reiknings.

Stefndi byggir þá sýknukröfu sína í fjórða lagi á því að reikningar frá og með 03. september 2019 til og með 07. október 2019 séu ekki réttir og að þeir hafi af þeim sökum ekki verið samþykktir af stefnda. Annars vegar sé um að ræða þrjá reikninga fyrir aukaverk, sbr. dómskjöl 40, 42 og 43. Sé ljóst að stefnandi geti ekki krafist greiðslu fyrir aukaverk nema stefndi hafi sérstaklega óskað eftir og samþykkt aukaverkin. Þá byggir

stefndi á því að reikningur dags. 7. október 2019 fyrir verkframvindu við Smáratún hafi ekki verið samþykktur og greiddur nema að hluta þar sem stefndi hafi talið þann reikning of háan og ósanngjarnan m.t.t. eðlis og umfangs verksins og því sem lá fyrir um verkið. Fram komi í stefnu að stefndi hafi greitt 9.962.016 krónur sem innborgun á reikninginn þann 07. nóvember 2019. Sú greiðsla sem stefndi greiddi inn á reikninginn þennan dag hafi þó verið 10.000.000 króna og sé óumdeilt að þeirri fjárhæð var ráðstafað til innborgunar á umræddan reikning. Taldi stefndi þá fjárhæð vera sanngjarnt endurgjald fyrir vinnu stefnanda með hliðsjón af eðli um umfangi verksins.

Að þessu virtu byggir stefndi á því að sýkna beri hann af greiðslu þess hluta kröfu stefnanda sem byggist á reikningum gefnum út þann 03. október 2019, 06. október 2019 og eftirstöðvum reiknings sem útgefinn var þann 07. október 2019. Samtals sé um að ræða 10.340.885 krónur. Getur krafa stefnanda að því virtu, sem og af virtum þeim hluta kröfu stefnanda sem fallinn er niður fyrir fyrningu, vegna tilhæfulausra og ósannaðrar kröfu vegna efnisúttekta og vegna tómlætis, því ekki verið hærra en 25.326.020 krónur, allt að frádregnum þeim innborgunum sem stefndi greiddi inn á þann hluta kröfunnar sem byggist á ófyrndum reikningum og tilgreindar eru í stefnu. Um sé að ræða innborganir frá 15. ágúst 2017 samtals að fjárhæð 30.555.636 krónur.

Ljóst sé því að stefndi hefur þegar greitt stefnanda 5.229.616 krónum meira en sem nemi réttmætum og sönnuðum hluta þeirrar kröfu sem stefnandi krefst greiðslu á og beri því að sýkna stefnda að fullu af kröfu stefnanda.

Þá byggir stefndi á því að krafa stefnanda sé ósennileg og ótrúverðug eins og hún er fram sett. Í fyrsta lagi þá séu reikningar stefnanda og fylgiskjöl sem liggja þeim til grundvallar þannig úr garði gerðir að í flestum tilfellum sé illmögulegt fyrir stefnda að átta sig á því hvaða verk stefnandi sé að krefjast greiðslu fyrir með einstaka reikningum sem krafa stefnanda er studd við. Tilvísun stefnanda til verka á reikningum sínum sé ekki í nokkru samræmi við heiti þeirra verka sem stefnandi hafi unnið fyrir stefnda. Í öllum tilfellum fengu verkin sérstakt verknúmer sem stefnandi hefði átt að vísa til á reikningum sínum svo að stefnda yrði fært að átta sig á því fyrir hvaða verk viðkomandi reikningur er og hvort og að hve miklu leyti stefnandi hafi í raun unnið viðkomandi verk. Stefnandi verði að bera hallann af því að hafa ekki hagað reikningsgerð sinni með nákvæmari hætti og geti auðvitað ekki fengið greidda þá reikninga þar sem vísað er til verka sem ekki séu til eða verka sem með öllu sé óljóst og ósannað hvort stefnandi hafi í raun unnið.

Í öðru lagi þá skýtur nokkuð skökku við að stefnandi hafi, í lok ársins 2019 og byrjun ársins 2020, skömmu eftir að stefndi sleit viðskiptasambandi sínu við stefnanda, hafið að gefa út fjölda reikninga fyrir meintum efnisúttektum stefnda sem eigi að hafa átt sér stað frá árinu 2017. Sé þetta verulega á skjön við hvernig stefnandi hagaði reikningsgerð á hendur stefnda fyrir þennan tíma. Í slíkum tilfellum hafi reikningar vegna efnis og vinnu verið gefnir út reglulega og fljótlega eftir að efni var tekið út og/eða vinnan átti sér stað. Þá verði að teljast afar ósennilegt og ótrúverðugt að stefnandi hafi átt ógreiddar kröfur á hendur stefnda sem byggist á reikningum sem gefnir séu út frá 25. apríl 2017 og fyrr að fjárhæð 38.105.524 krónur líkt og stefnandi byggi á, en stefnandi hafi svo haldið áfram viðskiptum sínum við stefnda eftir það, og stefndi greitt að fullu reikninga sem gefnir voru út eftir það og fram til 03. október 2019 án þess að stefnandi hafi gert nokkurn reka að því að innheimta eða krefja stefnda um greiðslu þeirra reikninga sem voru ógreiddir fram til þess tíma fyrr en mál þetta var höfðað. Að sama skapi þá verði auk þess að teljast afar ósennilegt og ótrúverðugt að stefnandi hafi lagt út efni og innt af hendi vinnu frá árunum 2017 fyrir 31.977.165 krónur, eins og stefnandi byggi á, en ekki gefið út reikninga vegna þess fyrr en um áramótin 2019/2020 og fram á mitt ár 2020.

Í þriðja lagi sé óreiða og óskipulag reikningagerðar og verkbókhalds stefnanda slíkt að það leiðir til þess að krafa hans í þessu máli er verulega ótrúverðug og raun staðfastlega röng. Í þessu samhengi megi m.a. benda á það að þann 08. desember 2016 gaf stefnandi út reikning að fjárhæð 5.796.371 króna fyrir framvindu og aukaverk 1-5 vegna verks sem stefnandi kallar Keflavíkurflugvöllur. Þann 31. janúar 2017 gaf stefnandi svo aftur út reikning sömu fjárhæðar vegna framvindu og aukaverka 1-5 við verkið á Keflavíkurflugvelli. Með báðum reikningum fylgir svo sama fylgiskjalið. Krafa stefnanda í málinu byggist á báðum þessum reikningum. Staðfastlega liggur því fyrir að stefnandi sé með þessu að krefjast tvisvar greiðslu fyrir sama verk og sömu vinnu. Einnig megi svo benda á það að krafa stefnanda byggist á reikningum frá 09. desember 2016, að fjárhæð 2.388.488 krónur og 1.623.900 krónur, vegna verks sem vísað sé til sem Iðndalur. Um sé að ræða reikninga sem stefnandi hafði þegar kreditfært og sent stefnda. Þá má benda á að krafa stefnanda byggist á reikningi nr. 0011934, dags. 29. febrúar 2016, vegna aukaverka í verki sem hann vísar til sem flugstöð. Fyrir liggur þó að stefnandi hafði einnig gefið út og sent stefnda reikning með reikningsnúmer 0011936, dags. 28. febrúar 2016. Liggur því fyrir að stefnandi hefur augljóslega gefið út umræddan reikning

tvisvar. Nokkra athygli vekur að reikningurinn sem ber reikningsnúmer 0011936 er gefinn út daginn áður en reikningurinn með lægra reikningsnúmerinu. Enn fremur má svo benda á það í þessu samhengi að krafa stefnanda byggist á reikningi sem skv. stefnanda er sagður gefinn út þann 31. janúar 2017 með reikningsnúmerið 0012350. Sá reikningur sem lá fyrir í dómskjali 3 sé hins vegar dags. 26. júní 2016 og ber nr. 0012054. Fyrir liggur því að stefnandi hefur enn og aftur gefið út í tvígang reikning vegna sömu vinnu. Það sem sé þó athyglisvert við þennan reikning sé að fjárhæð hans er 6.115.224 krónur, þ.e. 4.931.632 krónur auk vsk. Á fylgiblaði með reikningnum komi hins vegar skýrt fram að fjárhæðin sé 4.931.632 krónur (3.983.196+948.436) að meðtöldum vsk. Ljóst sé því að stefnandi sé hér að leggja virðisaukaskatt ofan á reikningsfjárhæð sem þegar á að vera að meðtöldum virðisaukaskatti.

Með vísan til alls framangreinds liggir fyrir að krafa stefnanda sé svo óljós, ósennileg og ótrúverðug að stefnda geti ekki með réttmætum hætti verið gert að greiða hana. Stefnandi beri ábyrgð á því að setja fram kröfur sínar skv. útgefnum reikningum með fullnægjandi hætti þannig að ljóst sé fyrir hvað sé verið að krefjast greiðslu, hver rétt fjárhæð sé og að reikningur byggist á efni/ vinnu sem stefnandi hefur sannarlega lagt til/unnið af hendi. Stefnandi hafi á engan hátt uppfyllt þessi skilyrði í þessu máli og verði stefnandi að bera hallann af því. Ljóst sé að stefnandi geti ekki bætt úr þessum atriðum síðar og beri af þeim sökum að sýkna stefnda af kröfu stefnanda.

Verði ekki fallist á kröfu stefnda um sýknu byggir stefndi varakröfu sína, um lækkun á kröfu stefnanda, á öllum þeim sömu málsástæðum og hann byggir sýknukröfu sína á.

Verði ekki fallist á málsástæður stefnda um að sá hluti kröfunnar sem byggist á reikningum útgefnum frá 29. júní 2016 til 25. apríl 2017 sé fyrndur eða fallinn niður fyrir tómlæti þá byggir stefndi sérstaklega á því að lækka beri kröfuna með hliðsjón af þeim reikningum sem stefnandi hafi sannanlega gefið út tvisvar, ekki tekið tillit til kreditfærslu á og séu sannanlega ekki af rétttri fjárhæð.

Stefndi krefst málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt mati dómsins eða síðar framlögðum málskostnaðarreikningi. Málskostnaðarkrafa stefnda er byggð á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Vísað er til helstu lagaraka í umfjöllun um málsástæður. Stefndi vísar sérstaklega til almennra reglna samningaréttar um skuldbindingargildi samninga og að gerða samninga beri að halda, almennra reglna kröfuréttar um efnidir fjárskuldbindinga,

almennra reglna verktakaréttar og ÍST 30:2012, almennra útboðs- og samningskilmála um verkframkvæmdir. Þá vísar stefndi til meginreglna laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1935, einkum III. kafla, meginreglna laga um lausafjárkaup nr. 50/2000, meginreglna laga um þjónustukaup nr. 42/2000, sem og skaðabótalaga nr. 50/1993.

Skýrslur fyrir dómi.

Fyrir hönd stefnanda gaf Gísli Ólafsson skýrslu. Fyrir hönd stefnda gáfu skýrslu Helena Sjöfn Guðmundsdóttir og Björn Viðar Ellertsson. Þá gáfu skýrslu vitnin Gunnar Júlíusson, Guðmundur Karl Ingason, Valgeir Ásgeirsson, Sigurður Ásgrímsson og Sigurður Sigurðsson. Verður vitnað til framburðar þeirra eftir því sem þurfa þykir við úrlausn málsins.

Forsendur og niðurstaða.

Óumdeilt er í málinu að stefnandi og stefndi áttu í viðskiptasambandi frá árinu 2007 til ársins 2019. Voru viðskipti aðila þannig að stefndi sem verktaki hjá bæjarfélögum eða stórum fyrirtækjum leitaði tilboða í verk sem hann hafði fengið samkvæmt útboði og gerði í framhaldi samning við undirverktaka. Í þessu máli liggur fyrir að stefnandi gerði stefnda tilboð í tiltekin verk, bæði í vinnu og efni á þessu tímabili.

Stefnandi hefur lagt fram reikninga sem gefnir eru út frá árinu 2016 til 2020 sem hann kveður vera ógreidda af stefnda. Byggir stefnandi á því að stefndi og stefnandi hafi verið í reglulegu föstu viðskiptasambandi og því hafi allar innborganir eða greiðslur stefnda farið inn á elstu skuld stefnda við stefnanda. Þessu mótmælir stefndi og kveður stefnanda hafa gefið út reikninga vegna ákveðinna verka sem stefnandi hafi gert tilboð í og því hafi verið um mörg sjálfstæð verk að ræða. Þá hafi stefnandi yfirleitt sett útgefna reikninga í heimabanka stefnda sem stefndi hafi greitt og þær greiðslur hafi sannanlega ekki farið inn á skuld eða meinta skuld vegna annarra verka sem stefnandi hafi talið ógreidd.

Á reikningum sem liggja fyrir í málinu er ýmist vísað til ákveðins verks eða verknúmers. Þá eru reikningar gefnir út þar sem eingöngu er um úttektir á efni að ræða en engin frekari skilgreining á þeim reikningum.

Samkvæmt framburði fyrirsvarsmanns stefnanda fyrir dómi var fyrirkomulagið á vöruúttekt í nafni stefnda oft þannig að starfsmenn stefnda komu og tóku út vörur og var þá rituð dagskýrsla vegna þeirra úttekta. Fyrir dóminum var því haldið fram af stefnda að yfirleitt hafi menn verið að flýta sér og því ekki látnir kvitta fyrir efnisúttektum. Þá

hafi sami háttur verið hafður á þegar stefnandi tók vörur til notkunar í framkvæmdir á vegum stefnda samkvæmt tilboðum stefnanda sem undirverktaka.

Í ljósi þess að stefnandi tók að sér ákveðin verk sem undirverktaki hjá stefnda verður litið svo á að hvert verk hafi verið sjálfstætt og því þurft að gera það upp við stefnda án þess að blanda því uppgjöri saman við önnur verk stefnanda fyrir stefnda. Þá lýsti fyrirvarsmaður stefnanda því sjálfur fyrir dóminum að hann hafi verið undirverktaki í ákveðnum verkum fyrir stefnda samkvæmt tilboðum í verkin.

Verður því ekki fallist á það með stefnanda að um samfellt viðskiptasamband hafi verið að ræða og heimilt hafi verið að taka innborganir og greiðslur fyrir ákveðin verk inn á elstu skuld stefnda samkvæmt viðskiptamannabókhalda stefnanda eins og kröfugerð stefnanda byggir á.

Samkvæmt vitninu Gunnari Júlíussyni hafði vitnið rætt við fyrirvarsmann stefnanda þegar það hóf störf hjá stefnanda um það hvort ekki væri rétt að gera reikninga fyrir þeim dagskýrslum sem lágu fyrir og höfðu ekki verið reikningsfærðar. Hafi það verið í árslok 2019 og flestir reikningarnir verið sendir með tölvupósti til stefnda í janúar 2020. Sé það skýring á útgefnum reikningum í desember 2019 og janúar 2020 vegna verka eða tilboða fyrri ára.

Dómkrafa stefnanda er óskýr í ljósi þess að yfir tuttugu reikningar sem krafín er greiðsla á eru sannanlega fullgreiddir, ýmist innan eindaga eða með dráttarvöxtum. Þannig er útilokað að taka dómkröfu stefnanda upp í dómsorði. Stefnanda var gefinn kostur á að bæta úr þessu undir rekstri málsins en gerði ekki svo að neinu breytti. Var framlagning gagna af hálfu stefnda meira upplýsandi fyrir málið en gagnaframlagning stefnanda. Veldur þessi málatilbúnaður þó ekki því að málinu verði vísað frá dómi án kröfu.

Stefnandi byggir á því að hann hafi slitið fyrningu reikninganna með því að senda stefnda viðvörðun um innheimtuaðgerðir þann 19. nóvember 2020 og innheimtubréf þann 17. desember 2020. Stefndi hafnar því að hafa fengið tilgreind bréf enda engin gögn sem sýni að þau hafi verið tilkynnt eða afhent stefnda með sannanlegum hætti. Gegn mótmælum stefnda er ósannað að stefnandi hafi rofið fyrningu með umræddum bréfum.

Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. fyrningarlaga nr. 150/2007 er fyrningu slitið með málsókn kröfuhafa á hendur skuldara og samkvæmt 2. mgr. sömu laga er fyrningu slitið þegar mál telst höfðað. Stefna var birt stefnda þann 28. apríl 2021 og var þá fyrningarfresti fyrst slitið.

Við úrlausn málsins verður reynt að leysa úr hverju verki fyrir sig sé vísað til ákveðins verks í reikningum og í ljósi innborgana, greiðslna eða tilvísana.

Í gögnum málsins liggja fyrir tveir reikningar sem eru vegna „IGS Cargu“:

Reikningur nr. 14286 er útgefinn 14. febrúar 2020 vegna vinnu í janúar 2017. Er krafa þessi ekki fyrnd við útgáfu reikningsins en þrjú ár liðu frá því að vinnan fór fram og þar til reikningur var útgefinn. Engin gögn fylgja þessum reikningi. Gegn mótmælum stefnda hefur stefnanda ekki tekist sönnun á því að umkrafin efnissala hafi farið fram. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 14278 vegna IGS Bómuhlíðar 3 er útgefinn 17. janúar 2020 með eindaga 14. febrúar vegna úttekta 30. og 31. október 2017. Engin fylgigögn eru með þessum reikningi. Gegn mótmælum stefnda hefur stefnanda ekki tekist sönnun á því að umkrafin efnissala hafi farið fram. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 13198, útgefinn 5. október 2018 vegna EBK með eindaga 2. nóvember 2018 að fjárhæð 1.107 krónur, var greiddur að fullu á eindaga í heimabanka. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 13214, útgefinn 8. nóvember 2018 með eindaga 2. nóvember 2018 vegna EBK að fjárhæð 53.713 krónur, var greiddur að fullu fyrir eindaga. Var sá reikningur greiddur aftur með fjárhæðinni 54.013 krónur þann 15. nóvember 2018 með dráttarvöxtum. Stefndi verður því sýknaður af þessari kröfu.

Umkrafdir reikningar tengdir flugvelli eru eftirfarandi:

Reikningur nr. 11934, útgefinn 29. febrúar 2016 með eindaga 20. mars 2016 að fjárhæð 6.539.240 krónur. Er tilgreint í reikningnum að hann sé samkvæmt yfirliti vegna aukaverks 4 við flugstöð. Er á yfirlitinu, fylgjandi reikningnum, tilgreint við hvað var unnið, efnisúttektir og hvenær. Samkvæmt stefnu greiddi stefndi stefnanda 3.500.000 krónur þann 15. febrúar 2016 sem er til frádráttar þessum reikningi. Stefndi hefur ekki gert nokkurn reka að því að innheimta eftirstöðvar reikningsins og samkvæmt 3. gr. fyrningarlagi nr. 150/2007 var reikningurinn fyrndur við birtingu stefnu þann 28. apríl 2021. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 12054 er útgefinn 23. júní 2016 með eindaga 13. júlí 2016 að fjárhæð 6.115.224 krónur og er vísað til yfirlits í reikningnum sem fylgir með í excel-skjali með vísan til verks nr. 1018. Samkvæmt stefnda er um verk að ræða vegna plans við flugstöð og komuplan. Samkvæmt stefnu var þessi reikningur greiddur þann 30. mars 2017 með 6.722.953 krónum. Greiddi stefndi 607.729 krónur í dráttavexti. Stefndi hefur ekki

sýnt fram á hvort einhverjir vextir hafi staðið út af við innborgun og er ósannað að svo hafi verið. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 12194, útgefinn 21. október 2016 með eindaga 10. nóvember 2016 að fjárhæð 8.199.376 krónur er vegna kaupa á olfuskilju samkvæmt tilboði. Er ekki ágreiningur um að olfuskiljan hafi verið keypt. Samkvæmt stefnanda greiddi stefndi þann 5. desember 2016 5.000.000 króna og verður að líta svo á að um hafi verið að ræða innborgun á þennan reikning. Stefnandi hefur ekki gert reka að því að innheimta eftirstöðvar þessa reiknings fyrr en með birtingu stefnu þann 28. apríl 2021. Samkvæmt 3. gr. fyrningarlaga nr. 150/2007 fynast kröfuréttindi á fjórum árum. eru eftirstöðvar þessa reiknings því fyrndar. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 12351 er útgefinn 31. janúar 2017 með eindaga 20. febrúar 2017 að fjárhæð 5.796.371 króna, og með honum eru excel-skjöl þar sem fram kemur að unnið sé við Fálkavöll 27. Engin önnur gögn eru þessum reikningi til staðfestingar. Á reikningnum er tekið fram að hann sé samkvæmt yfirliti framvindu og aukaverka nr. 1-5. Stefnandi gerði ekki reka að því að innheimta þennan reikning fyrr en með birtingu stefnu þann 28. apríl 2021. Er reikningurinn því fyrndur samkvæmt 3. gr. fyrningarlaga nr. 150/2007. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Fallið var frá kröfu vegna reiknings nr. 12270 sem var vegna sömu úttektar og reikningur nr. 12351 við aðalmeðferð málsins.

Reikningur vegna Flugvallar nr. 13242 að fjárhæð 55.246 krónur var gefinn út 21. október 2018 með eindaga 19. nóvember 2018. Var sá reikningur greiddur að fullu á eindaga í heimabanka. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 14270 að fjárhæð 4.922.434 krónur var gefinn út 28. janúar 2020 og segir að um ýmsar úttektir 2018 og 2019 sé að ræða. Með reikningnum fylgir excel-skjal sem tilgreinir ýmsar vöruúttektir. Þann 10. nóvember 2021 var sami reikningur lagður fram í málinu og fylgdu honum þá dagskýrslur frá 4. desember 2018 til 16. október 2019 sem tilgreina efnisúttektir og vinnu, m.a. vegna Fráveitu/fraktar. Samkvæmt vitninu Guðmundi Karli var verkinu, sem hét „Fráveita Frakt“, lokið í mars 2019. Ekkert hafi verið unnið í því verki eftir það. Þegar verkinu var lokið hafi verið malbikað yfir niðurföllin og því ekki hægt að komast að þeim eftir það. Allar úttektir sem merktar séu því verki eigi ekki við tilboð stefnanda í það verk. Þá kvaðst vitnið ekki hafa undirritað þær dagskýrslur sem fylgi reikningnum. Samkvæmt þessu er ósannað að stefnandi hafi

unnið fyrir stefnda eins og reikningurinn ber með sér og verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 14643 er útgefinn 10. júlí 2020 með eindaga 7. ágúst 2020 að fjárhæð 10.537.821 króna. Er reikningurinn vegna lagna við olúskilju í suðvestur frá flugskýli og lagna frá dreifibrunni o.fl. Með reikningnum fylgir excel-skjal þar sem vinna og efni er sundurliðað. Engar dagsetningar koma fram né önnur fylgigögn vegna efnisúttekta eða vinnu. Vitnið Guðmundur Karl fullyrti fyrir dóminum að vinnu vegna skiljunnar hafi verið lokið í júní 2018. Þá kvaðst vitnið vita til þess að stefnandi hafi unnið við brunn síðar en það verk hafi verið að beiðni Isavia en ekki stefnda. Er því ósannað að sú vinna og efnisúttekt hafi átt sér stað í nafni stefnda. Telur dómurinn að krafan sé fallin niður sökum tómlætis og verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 14644 er útgefinn 10. júlí 2020 með eindaga 7. ágúst 2020 að fjárhæð 4.041.605 krónur. Kemur fram á reikningnum að hann sé vegna lagna að olúskilju í austurplan við flugskýli. Í excel-skjali sem fylgir reikningnum kemur fram að vinnan á sér stað í janúar og febrúar 2017. Engin önnur gögn styðja vinnuframlag né efnisúttektir. Er krafan ekki fyrnd skv. 3. gr. fyrningarlaga nr. 150/2007. Krafan varð til fyrir 1. mars 2017 en stefndi ekki krafinn um hana fyrr en í júlí 2020. Verður að telja að krafan sé niður fallin sökum tómlætis og verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 14303 er útgefinn 20. janúar 2020 að fjárhæð 46.607. Ekki kemur fram á þeim reikningi hvenær sú vinna eða úttektir fóru fram og eru engin fylgiskjöl með þeim reikningi. Gegn mótmælum stefnda hefur stefnanda ekki tekist sönnun á því að umkrafin efnissala eða vinna hafi farið fram. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 14307 er gefinn út 20. janúar 2020 að fjárhæð 89.125 krónur vegna vinnu, efnissölu og leigu á vélum. Engin gögn fylgja þessum reikningi og ekkert kemur fram á honum hvenær verkið var unnið. Gegn mótmælum stefnda hefur stefnanda ekki tekist sönnun á því að umkrafin efnissala, vinna eða leiga á vélum hafi farið fram. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 14308 er útgefinn 21. janúar 2020 að fjárhæð 179.517 krónur vegna olúskilju við steinlagnir. Segir að vinnan hafi farið fram 23. og 24. janúar 2017. Engin gögn fylgja þessum reikningi. Gegn mótmælum stefnda hefur stefnanda ekki tekist sönnun á því að umkrafin vinna eða efnissala hafi farið fram. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 14309 er útfinn 21. janúar 2020 að fjárhæð 425.392 krónur vegna vöruúttektar. Engin gögn fylgja þeim reikningi en fram kemur á honum að hann sé vegna úttektar 14. febrúar 2017 og merktur flugvelli. Gegn mótmælum stefnda hefur stefnanda ekki tekist sönnun á því að umkrafin efnissala hafi farið fram. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Umkraðir reikningar merktir Iðndölum eru eftirfarandi:

Reikningur nr. 12273, útfinn 9. desember 2016 með eindaga 29. desember 2016 að fjárhæð 2.388.488 krónur, liggur fyrir vegna aukaverks við Iðndali. Þá liggur fyrir kreditnóta frá stefnanda að sömu fjárhæð þann 31. desember 2016. Engin grein var gerð fyrir kreditnótunni fyrir dóminum og verður ekki annað ráðið en að krafan sé fallin niður. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 12274 er útfinn 9. desember 2016 vegna Iðndala, framvindu 2, að fjárhæð 1.623.900 krónur. Þá liggur fyrir kreditreikningur frá stefnanda að sömu fjárhæð dagsettur 31. desember 2016. Engin grein var gerð fyrir kreditnótunni fyrir dóminum og verður ekki annað ráðið en að krafan sé fallin niður. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningar merktir eftirtöldum verkum: Vogar, Iðnvellir, Smáratún, Sunnubraut, Kalka o.fl. eru eftirfarandi:

Reikningur nr. 12132, útfinn 1. september 2016 með eindaga 21. september 2016 að fjárhæð 48.55 krónur vegna vöruúttektar og vinnu. Er reikningurinn sagður vera vegna skólastofu í Vogum 19. ágúst 2016. Stefndi var ekki krafinn um þennan reikning fyrir en með birtingu stefnu þann 28. apríl 2021. Samkvæmt 3. gr. fyrningarlaga nr. 150/2007 er krafa þessi fyrnd og verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 12460, útfinn 25. apríl 2017 með eindaga 15. maí 2017 vegna tilboðs í Vogum að fjárhæð 10.642.701 króna. Var stefndi ekki krafinn um þennan reikning fyrir en með birtingu stefnu þann 28. apríl 2021 og er krafan því fyrnd skv. 3. gr. fyrningarlaga nr. 150/2007. Þá eru engin gögn sem styðja þennan reikning nema excel-skjal unnið af stefnanda. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 12461, útfinn 25. apríl 2017 með eindaga 15.05.2017 að fjárhæð 3.770.118, liggur fyrir vegna aukaverka í Vogum. Var hann greiddur að fullu þann 5. maí 2017 í heimabanka. Verður stefndi sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 12572, útfinn 2. ágúst 2017 með eindaga 22. ágúst 2017 að fjárhæð 3.712.000 krónur, liggur fyrir vegna Sunnubrautar. Var hann greiddur að fullu

þann 14. september 2017 í heimabanka. Stefndi hefur ekki verið krafinn um dráttarvexti frá eindaga til greiðsludags fyrr en með birtingu stefnu og er sú krafa fallin niður sökum tómlætis. Verður stefndi sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 12607 er útgefinn 5. október 2017 með eindaga 25. október 2017 að fjárhæð 4.536.400 vegna Sunnubrautar. Var hann greiddur að fullu þann 23. janúar 2018 í heimabanka. Stefndi hefur ekki verið krafinn um dráttarvexti frá eindaga til greiðsludags fyrr en með birtingu stefnu og er sú krafa fallin niður sökum tómlætis. Verður stefndi sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 13012, útgefinn 16. júlí 2018 með eindaga 13. ágúst 2018 að fjárhæð 81.964 krónur, liggur fyrir. Var hann greiddur að fullu 13. ágúst 2018 í heimabanka. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 13019 er útgefinn 17. júlí 2018 með eindaga 14. ágúst 2018 að fjárhæð 4.966.500 krónur. Voru 2.000.000 króna greiddar inn á reikninginn þann 5. október 2018 í heimabanka. Þann 9. október 2018 var aftur greitt inn á reikninginn 3.100.357 krónur í heimabanka. Voru 4.128 krónur greiddar í dráttarvexti. Samtals var greitt inn á kröfuna 5.096.229 krónur. Samkvæmt þessu ofgreiddi stefndi 129.729 krónur. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 13362, útgefinn 6. desember 2018 með eindaga 3. janúar 2019, er vegna Vogshóls að fjárhæð 19.864. Var hann greiddur að fullu 14. desember 2018 í heimabanka. Verður stefndi sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 14071, útgefinn 3. desember 2019 með eindaga 31. október 2019, er vegna aukaverka við Smáratún 27 og 14 að fjárhæð 292.521 króna. Kveður stefnandi þann reikning vera vegna ósamþykktra aukaverka. Engin gögn fylgja þessum reikningi nema excel-skjöl unnin af stefnanda. Gegn mótmælum stefnda hefur stefnanda ekki tekist sönnun á því að umkrafid verk hafi verið unnið. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 14073, útgefinn 6. október 2019 með eindaga 4. nóvember 2019, er vegna aukaverks að Smáratúni 35 að fjárhæð 652.484 krónur. Engin gögn fylgja þessum reikningi nema excel-skjal unnið af stefnanda. Gegn mótmælum stefnda hefur stefnanda ekki tekist sönnun á því að umkrafid verk hafi verið unnið. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 14089, útgefinn 7. október 2019 með eindaga 4. nóvember 2019 að fjárhæð 18.499.000 krónur, er vegna Smáratúns. Stefndi greiddi 10.000.000 króna inn

á reikninginn 7. nóvember 2019 í heimabanka. Fyrir dóminum kvað stefndi ágreining hafa verið um fjárhæð reikningsins en ekki hafi verið leyst úr honum. Engin gögn fylgja þessum reikningi nema excel-skjal unnið af stefnanda. Gegn mótmælum stefnda hefur stefnanda ekki tekist sönnun á því að umkrafin efnissala hafi farið fram. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu. Reikningur nr. 14074 er útgefinn 3. október 2019 með eindaga 31. október 2019 að fjárhæð 898.880 krónur ásamt excel-skjali sem reikningurinn byggist á. Er hann sagður vera vegna Smáratúns 21. Engin gögn fylgja þessum reikningi nema excel-skjal unnið af stefnanda. Gegn mótmælum stefnda hefur stefnanda ekki tekist sönnun á því að umkrafið verk hafi verið unnið. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 14138, útgefinn 21. október 2019 með eindaga 18. nóvember 2019 að fjárhæð 994 krónur, liggur fyrir. Á reikningnum kemur fram að hann sé vegna verks 1168, Hóp í Grindavík. Var reikningurinn greiddur þann 14. nóvember 2019. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 14139 er útgefinn 21. október 2019 með eindaga 18. nóvember 2019 vegna efnisúttekta þann 3. og 10. október s.á. Engin gögn fylgja með reikningnum en hann er sagður vegna Hópsins í Grindavík. Var sá reikningur greiddur í heimabanka þann 5. maí 2020 með dráttarvöxtum. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 14273 er útgefinn 31. desember 2019 með eindaga 28. janúar 2020 að fjárhæð 1.253.241 króna vegna ýmissa úttekta í nóvember 2018. Byggist reikningurinn á excel-skjali en er merktur verkinu Kalka. Engin önnur gögn fylgja þessum reikningi nema excel-skjal unnið af stefnanda. Gegn mótmælum stefnda hefur stefnanda ekki tekist sönnun á því að umkrafin efnisúttekt hafi farið fram. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 14274 er útgefinn 31. desember 2019 með eindaga 28. janúar 2020 að fjárhæð 1.585.000 krónur vegna Vogshóls. Kemur fram á reikningnum að hann sé vegna ýmissa úttekta 2019. Engin gögn fylgja þessum reikningi nema excel-skjal unnið af stefnanda. Gegn mótmælum stefnda hefur stefnanda ekki tekist sönnun á því að umkrafin efnissala hafi farið fram. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 14276 er útgefinn 31. desember 2019 með eindaga 28. janúar 2020 vegna ýmissa úttekta árin 2018 og 2019 vegna Sjónarhóls að fjárhæð 3.322.914 krónur. Fylgir honum excel-skjal þar sem úttektir eru tilgreindar frá 1. október 2018 til 9. júlí 2019. Engin gögn fylgja þessum reikningi nema excel-skjal unnið af stefnanda. Gegn

mótmælum stefnda hefur stefnanda ekki tekist sönnun á því að umkrafin efnissala hafi farið fram. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 14292 er útgefinn 17. janúar 2020 með eindaga 14. febrúar 2020 að fjárhæð 242.842 krónur. Kemur fram á reikningnum að hann sé vegna göngustíga í Njarðvík frá 25. október 2017. Engin gögn fylgja þessum reikningi. Gegn mótmælum stefnda hefur stefnanda ekki tekist sönnun á því að umkrafin efnissala hafi farið fram. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningar sem ekki eru sérstaklega merktir ákveðnu verki eða verkefni eru eftirfarandi:

Reikningur nr. 12305, útgefinn 5. janúar 2017 með eindaga 25. janúar 2017 vegna plötuskilju Unisep 25/50/600 að fjárhæð 10.956.640 krónur. Engin gögn fylgja þessum reikningi. Var stefndi fyrst sannanlega krafinn um greiðslu á reikningnum með birtingu stefnu þann 28. apríl 2021. Var reikningurinn þá fyrndur skv. 3. gr. fyrningarlaga nr. 105/2007 og verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 12326, útgefinn 23. janúar 2017 með eindaga 12. febrúar 2017 að fjárhæð 1.098.696 krónur. Með reikningnum fylgir excel-skjal þar sem efnisúttektir eru tilgreindar í nóvember og desember 2016 og janúar 2017. Engin önnur gögn eru reikningnum til staðfestu né við hvaða verk var verið að vinna. Stefndi var fyrst krafinn um greiðslu þessa reiknings með birtingu stefnu þann 28. apríl 2021 og er hann því fyrndur samkvæmt 3. gr. fyrningarlaga nr. 105/2007. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 12354, útgefinn 31. janúar 2017 með eindaga 20. febrúar 2017 að fjárhæð 1.101.058 krónur með vísan til yfirlits. Á því yfirliti segir að verksnúmer sé steinlögn og tengja nf., leggja steinlögn og tengja brunna. Ekkert kemur fram í þessum reikningi hvort þetta verk tengist flugvellinum eða öðrum verkum sem stefndi var með á sama tíma. Þá var stefndi fyrst sannanlega krafinn um greiðslu á þessum reikningi með birtingu stefnu þann 28. apríl 2021 og var reikningurinn þá fyrndur, sbr. 3. gr. fyrningarlaga nr. 105/2007. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 12522, útgefinn 8. júní 2017, með eindaga 28. júní 2017 að fjárhæð 739.814 krónur. Er vísað til yfirlits vegna þessa reiknings. Var hann greiddur að fullu 15. ágúst 2017 í heimabanka. Stefndi var fyrst krafinn um dráttarvexti með birtingu stefnu þann 28. apríl 2021 og var sú krafa þá fyrnd skv. 3. gr., sbr. 24. gr., fyrningarlaga nr. 105/2007. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 12906, útgefinn 23. apríl 2018 með eindaga 13. maí 2018 að fjárhæð 53.568 krónur liggur fyrir. Var reikningurinn greiddur að fullu þann 7. maí 2018. Verður stefndi sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 13022, útgefinn 20. júlí 2018 með gjalddaga 17. ágúst 2018 vegna efnis og vinnu að fjárhæð 83.948 krónur, liggur fyrir. Var hann greiddur að fullu þann 20. ágúst 2018 í heimabanka með kr. 84.707 krónum. Verður stefndi sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 13140 er útgefinn 15. september 2018 með eindaga 13. október 2018 vegna efnisúttekta að fjárhæð 240.027 krónur vegna Reykjaness, borplans og gufulagnar.

Reikningur nr. 13141 er útgefinn 15. september 2018 með eindaga 13. október 2018 vegna efnisúttekta að fjárhæð 31.599 krónur vegna HS Orku.

Reikningur nr. 13142 er útgefinn 15. september 2018 með eindaga 13. október 2018 vegna efnisúttekta að fjárhæð 288.498 krónur vegna „Grindavík“.

Samtals er fjárhæð þessara þriggja reikninga 560.124 krónur. Þann 15. október 2018 greiddi stefndi 566.025 krónur í heimabanka til greiðslu á ofangreindum reikningum. Verður stefndi sýknaður af þessum kröfum.

Reikning nr. 13143, útgefinn 15. september 2018 með eindaga 13. október 2018 að fjárhæð 35.149 krónur, greiddi stefndi þann 15. október 2018 með 35.800 krónum í heimabanka. Verður stefndi sýknaður af þessari kröfu.

Reikning nr. 13144, útgefinn 15. september 2018, með eindaga 13. október 2018 að fjárhæð 22.520 krónur, greiddi stefndi þann 15. október 2018 með 23.045 krónum í heimabanka. Verður stefndi sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 13168 er útgefinn 26. september 2018 með eindaga 24. október 2018 að fjárhæð 28.703 krónur vegna efnisúttekta. Var hann greiddur að fullu þann 9. október 2018 með 29.003 krónum í heimabanka. Verður stefndi sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 13118 er útgefinn 13. september 2018 með eindaga 11. október 2018 fyrir efnisúttekt að fjárhæð 53.861 króna vegna afísingarplans. Var hann greiddur þann 9. október 2018 að fullu í heimabanka. Verður stefndi sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 13179, útgefinn 29. september 2018 með eindaga 27. október 2018 vegna efnisúttektar að fjárhæð 151.330 krónur, liggur fyrir. Var hann greiddur að fullu þann 25. október 2018 í heimabanka. Verður stefndi sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 14072, útgefinn 3. október 2019 með eindaga 31. október 2019 vegna aukaverks fyrir Mílu að fjárhæð 10.126 krónur, liggur fyrir. Var hann greiddur að fullu þann 31. október 2019 í heimabanka. Verður stefndi sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 14109 er útgefinn 11. október 2019 vegna undirganga að fjárhæð 27.964 krónur. Var hann greiddur í heimabanka þann 6. nóvember 2018. Verður stefndi sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 14277, útgefinn 17. janúar 2020 með eindaga 14. febrúar 2020, er sagður vera vegna efnisúttektar tengt Bergrafi í júní 2017 og Gullnahliði að fjárhæð 62.390 krónur. Engin gögn fylgja reikningnum en í dagskýrslum má finna úttektir vegna Bergrafs og Gullnahliðs frá 12. og 22. júní 2017. Ekki er þó sannað að reikningurinn sé vegna þeirrar úttektar. Samkvæmt því varð krafan til í júní 2017 en stefndi ekki krafinn um hana fyrr en í janúar 2020. Samkvæmt 3. gr. fyrningarlaga nr. 150/2007 er krafa þessi ekki fyrnd. Þrátt fyrir það hefur stefnandi tapað réttindum sínum sökum tómlætis og verður stefndi sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 14279, útgefinn 17. janúar 2020, með eindaga 14. febrúar 2020, er sagður vera vegna ljósamasturs 1066, efnisúttekt, að fjárhæð 240.091 króna. Segir á reikningnum að hann sé vegna úttektar 11. apríl, 11. og 30. maí 2017. Engar upplýsingar um úttektina er að finna í gögnum málsins. Hefur stefnanda ekki tekist sönnun á að umkrafin úttekt hafi farið fram. Gegn mótmælum stefnda ber stefnandi hallann af þeim sönnunarskortum og verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 14282 er útgefinn 17. janúar 2020 með eindaga 14. febrúar 2020 með tilvísuninni „ES 2017-1088“ niðurfall 3 stk., að fjárhæð 182.131 króna. Í dagskýrslum er að finna eyðublað þar sem efni er tilgreint sandföng 3 stk. og niðurfallstoppur 3 stk. Er sú dagskýrsla frá 15. september 2017. Er krafan ekki fyrnd samkvæmt 3. gr. fyrningarlaga nr. 150/2007 en sökum tómlætis verður stefndi sýknaður af þessari kröfu stefnanda.

Reikningur nr. 14290 er útgefinn 17. janúar 2020 með eindaga 14. febrúar 2020 að fjárhæð 29.480 krónur. Er tekið fram á reikningnum: „Sjóða múffur á minnkanir 05/01/2017“. Í dagskýrslum má finna efnisúttekt frá þessum degi en ósannað að reikningurinn sé byggður á þeirri dagskýrslu. Samkvæmt 3. gr. fyrningarlaga er krafan ekki fyrnd en með vísan til þess að krafa þessi var orðin þriggja ára þegar reikningurinn var gefinn út er krafan fallin niður sökum tómlætis. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 14287 er útgefinn 17. janúar 2020 með eindaga 14. febrúar 2020 vegna efnisúttekta að fjárhæð 69.249 krónur. Engin gögn liggja fyrir í málinu frá hvaða tíma efnisúttektin átti sér stað en í dagskýrslum má finna úttektir sem átt geta við reikninginn. Er sú úttekt frá 22. nóvember 2017 og enginn sem staðfestir úttektina. Þá er sú úttekt sögð vera vegna 1102 WOW air. Gegn mótmælum stefnda er ósannað á hvaða gögnum reikningurinn er byggður. Þá er krafan einnig fallin niður sökum tómlætis. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 14288 er útgefinn 17. janúar 2020 með eindaga 14. febrúar 2020 að fjárhæð 60.710 krónur. Er hann sagður vera vegna verks 1078, borholu 25, frá 28. mars 2017. Í gögnum málsins má finna dagskýrslu frá þessum tíma þar sem kemur fram efnisúttekt, sandfang 80 cm og toppur. Gegn mótmælum stefnda hefur stefnanda ekki tekist sönnun á því að umkrafin efnissala hafi farið fram. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 14289 er útgefinn 17. janúar 2020 með eindaga 14. febrúar 2020 að fjárhæð 3.791 króna. Er hann sagður vera vegna efnisúttektar og verks nr. 1068 frá 28. apríl 2017. Engin gögn liggja fyrir í málinu til staðfestu reikningnum en í dagskýrslum frá 28. apríl 2017 má finna efnisúttekt sem gæti átt við reikninginn en er þó ekki samhljóða og að auki ekki staðfest af starfsmanni stefnda. Gegn mótmælum stefnda hefur stefnanda ekki tekist sönnun á því að umkrafin efnissala hafi farið fram. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 14291 er útgefinn 17. janúar 2020 með eindaga 14. febrúar 2020 að fjárhæð 34.484 krónur. Á reikningnum segir að hann sé vegna úttektar frá 27. júní 2017. Í dagskýrslum má finna efnisúttekt en ekki er óbyggjandi að reikningurinn byggist á þeirri úttekt. Þá er ekkert tilgreint í dagskýrslunni fyrir hvern efnisúttektin er eða vegna hvaða verks. Gegn mótmælum stefnda hefur stefnanda ekki tekist sönnun á því að umkrafin efnissala hafi farið fram. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 14293 er útgefinn 17. janúar 2020 með eindaga 14. febrúar 2020 að fjárhæð 68.857 krónur vegna efnisúttektar. Ekkert kemur fram á þeim reikningi á hvaða tíma efnisúttektin fór fram né vegna hvaða verks. Þá er ekki að finna í dagskýrslum efnisúttekt vegna þessa reiknings. Gegn mótmælum stefnda hefur stefnanda ekki tekist sönnun á því að umkrafin efnissala hafi farið fram. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 14302 er útgefinn 20. janúar 2020 með eindaga 17. febrúar 2020 að fjárhæð 49.550 krónur. Er hann sagður vera vegna borplans 36, niðurfall með topp. Engin gögn fylgja þessum reikningi en í dagskýrslum má finna efnisúttekt frá 6. nóvember 2017 sem merkt er borplani 36 vegna niðurfalls án topps. Gegn mótmælum stefnda hefur stefnanda ekki tekist sönnun á því að umkrafin efnissala hafi farið fram. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 14304 er útgefinn 20. janúar 2020 með eindaga 17. febrúar 2020 að fjárhæð 26.412 krónur. Er hann vegna söndunar á niðurfallslögn og að setja niðurföll í rétta hæð þann 11. janúar 2017. Í dagskýrslum er að finna nótu frá 11. janúar 2017 vegna flugstöðvar en þar segir í verklýsingu hvað var gert, efnisúttekt og leiga á tæki. Er sú lýsing ekki í samræmi við útgefinn reikning. Gegn mótmælum stefnda hefur stefnanda ekki tekist sönnun á því að umkrafin efnissala hafi farið fram. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 14306 er útgefinn 20. janúar 2020 með eindaga 17. febrúar 2020 að fjárhæð 68.628 krónur. Tekið er fram á reikningnum að unnið hafi verið 20. janúar 2017 en engin gögn er að finna í dagskýrslum frá þessum tíma. Engin gögn fylgja þessum reikningi. Gegn mótmælum stefnda hefur stefnanda ekki tekist sönnun á því að umkrafin vinna og efnissala hafi farið fram. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Reikningur nr. 14285 er útgefinn 17. janúar 2020 með eindaga 14. febrúar 2020 að fjárhæð 182.131 króna. Segir á reikningnum að hann sé frá 6. desember 2017 vegna niðurfalls með toppi. Engin gögn fylgja reikningnum. Gegn mótmælum stefnda hefur stefnanda ekki tekist sönnun á því að umkrafin efnissala hafi farið fram. Verður stefndi því sýknaður af þessari kröfu.

Samkvæmt ofansögðu og með stoð í gögnum sem stefndi lagði fram liggur fyrir að umkrafðir reikningar nr. 12522, 12572, 12607, 13198, 13214, 13242, 12461, 13012, 13019, 13362, 14138, 14139, 12906, 13140, 13141, 13142, 13142, 13143, 13144, 13168, 13118, 13179, 14072 og 14109 samtals að fjárhæð 19.267.013 krónur voru allir greiddir innan eindaga eða með dráttarvöxtum í gegnum heimabanka. Er þessi málatilbúnaður stefnanda ámælisverður og til þess fallinn að gera stefnda erfitt fyrir með varnir.

Eins og rakið er að framan hefur stefndi verið sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Í ljósi málatilbúnaðar stefnanda, sem var óskýr og ruglingslegur, og vegna umfangs málsins verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað samkvæmt

tímaskrá stefnda og samkvæmt 130. gr. laga nr. 91/1991 sem þykir hæfilegur 5.987.774 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð.

Stefndi, Ellert Skúlason ehf., er sýkn í máli þessu.

Stefnandi, OSN ehf. greiði stefnda 5.987.774 krónur í málskostnað.

Ástríður Grímsdóttir